

Reykjavík 19. 10. 2018

Alþingi
Velferðarnefnd


Efni: Umsögn um þingmál nr. 54 á 149. löggjafarþingi: Frumvarp til breytinga á lögum um Almannatryggingar: Afnáam krónu á móti krónu skerðingar. 1. flm. Halldóra Mogensen.

Efnislega gengur frumvarpið út á það að tekjutrygging til öryrkja verði hækkuð um sem nemur hámarksupphæð sérstakrar framfærsluuppbótar skv. lögum um félagslega aðstoð, þ.e. að framfærsluuppbótin verði færð inn í tekjutrygginguna. Þar með falli á brott hin illræmda króna á móti krónu skerðing sem nú gildir um framfærsluuppbótina.

Hliðstæð breyting var gerð gagnvart lífeyri aldraðra með lagabreytingum sem gerðar voru 2016 og tóku gildi í ársbyrjun 2017. Til stóð þá að sú breyting tæki einnig til öryrkja, en þar sem þeir voru ekki reiðubúnir að fallast á önnur óskyld atriði í breytingapakkanum, var niðurfellingu sérstöku framfærsluuppbótarinnar kippt til baka á síðustu stundu. Öryrkjar hafa því orðið að búa við krónu móti krónu skerðingu áfram þótt aldraðir séu lausir undan henni.

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lítur svo á að það sé réttlætismál að öryrkjar fái samsvarandi úrbætur í lífeyrismálum sínum og þær sem tóku gildi gagnvart öldruðum í ársbyrjun 2017. Stjórnin fagnar því framkomnu frumvarpi þar um og hvetur eindregið til þess að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FEB



Finnur Birgisson
stjórnarmaður